

Námskrá fyrir reynda hópferðabílstjóra við ferðapjónustu

Mímir - símenntun

Lok verkefnis: **01.06.2018**

1. Heiti verkefnis og nafn styrkþega

Námskrá fyrir reynda hópferðabílstjóra við ferðapjónustu, Mímir-símenntun

2. Um verkefnið

Ekkert sérhannað nám er til fyrir öikumenn hópferðabíla en þeir eru meðal þeirra fyrstu sem ferðamenn hafa kynni af við komuna til Íslands. Útbúin var námsskrá fyrir reynda öikumenn hópferðabíla út frá hæfnigreiningu sem var gerð samkvæmt ferli sem FA hefur innleitt.

3. Markmið verkefnis

Að búa til viðurkennt nám á grunni hæfnigreiningar starfs reynds hópferðabílstjóra í ferðapjónustu sem styrkti stöðu þeirra á vinnumarkaði og jafnframt undurstöður ferðapjónustunnar, einnar mikilvægustu atvinnugreinarinnar í dag.

4. Hverjir voru helstu samstarfsaðilar?

Starfsafli og Efling stéttafélag. Samvinna var með fyrirtækjum sem tóku þátt í hæfnigreiningu (Kynnisferðir, Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar, Greyline, SBA, Hópbílar) til að tryggja að námskráin mæti kröfum og þörfum bílstjóra.

5. Hver er helsti ávinningur af verkefninu fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar?

Fjölmargir hópferðabílstjórnanna hafa stutta skólagöngu að baki en búa yfir umtalsverðri reynslu og þekkingu. Námið er fyrsta skrefið til viðurkenningar á hæfni þeirra og þekkingu.

6. Lokaafurð/ir verkefnis

Námskrá og námslýsingu var skilað til FA (hefur ekki hlotið vottun Menntamálastofnunar).